



Reykjavík, 13.3.2015

Niðurstaða úttektar á áhættustýringu nokkurra lífeyrissjóða

Á fjórða ársfjórðungi 2014 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athuganir á áhættustýringu tiltekinna lífeyrissjóða. Beindust athuganirnar að því að kanna hvernig áhættustýringu þeirra væri háttað og hvort hún samræmdest leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Tilmælin eru sett til leiðbeininga og nánari skýringa fyrir samtryggingadeildir lífeyrissjóða varðandi þær lágmarkskröfur sem lög og reglur kveða á um í tengslum við áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða án þess að um tæmandi skýringar séu að ræða.

Umræddar athuganir fóru fram með heimsóknum og gagnaöflun. Þeir lífeyrissjóðir sem athugunin beindist að voru: Gildi – lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður bankamanna, Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Sameinaði lífeyrissjóðurinn.

Í kjölfar athugana ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslur þar sem fram komu ábendingar eftirlitsins. Lífeyrissjóðunum var gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegum skýrslum var tekið tillit til athugasemda lífeyrissjóðanna eftir því sem tilefni þótti til.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er áhættustýring umræddra lífeyrissjóða almennt í góðu horfi. Ekki voru gerðar athugasemdir við framkvæmd áhættustýringar en settar voru fram ábendingar um þau atriði sem Fjármálaeftirlitið taldi að betur mættu fara hjá hverjum lífeyrissjóði fyrir sig.